# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

## GRTE1FF05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is |   |
| **Viðtalstími** | Þriðjudagar 10:30-11:10 í vinnurými kennara. | |
| **Námsefni** | Grunnteikning I verkefnamappa, fæst í Eymundsson Krossmóa og Iðnú bókabúð. Grunnteikning I (Útgefandi Iðnú, Reykjavík.) | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti auk æfinga í teikniskrift. Í fyrri efnisþættinum er fjallað um fallmyndun I og ásmyndun- og fríhendisteikningu í þeim seinni. Í áfanganum öðlast nemendur færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er jafnframt undirbúningur fyrir frekara nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Áfanginn er byggist á verkefnavinnu í grunnteikningamöppu, tímaverkefnum, könnununum og kaflaprófum.<br>Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og að ná að lágmarki 5,0 úr kaflaprófum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er (vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara. Nái nemandi þessu ekki getur nemandi tekið lokapróf sem gildir 50% á móti annareinkunn.<br>**Símatsáfangi** ☐ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☒ | |

| **Lokapróf** | |
|---|---|
| **Heiti** | **Vægi** |
| Annareinkunn | 50% |
| Lokapróf | 50% |

| **Annareinkunn** | |
|---|---|
| **Heiti** | **Vægi** |
| Verkefnamappa | 70% |
| Kannanir | 20% |
| Virkni | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund! Teikniáfangar eru verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemanda ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu. Í upphafi hvers kafla skal nemandi lesa kynningu í kennslubók! Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi hann án námsgagna í tíma. |

| | |
|---|---|
| **Efni og áhöld sem nemandi a að vera með** | T-stika eða teiknibretti fyrir A3 blöð<br>Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór u.þ.b. 25 - 30 sm.)<br>(Reglustika u.þ.b. 25 - 30 sm.)<br>Teikniblýantur HB<br>(Fallblýantar og H, HB blý, eða samsvarandi tréblýantar)<br>Yddari<br>Strokleður<br>(Línuveiðari)<br>Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti<br>Góður hringfari (sirkill) |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum | Nemandi skal hafa öðlast leikni í:<br>• lestri einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga.<br>• nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum.
- hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.

| | **Vinnuáætlun** | |
|---|---|---|
| Tímasókn | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| Undirbúningur og frágangur | 16 vikur x 1,5 klst. | 24 klst. |
| Undirbúningur fyrir kannanir | 5x2 klst. | 10 klst. |
| **Alls** | | **98 klst = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>4. - 14. janúar | Kynning á áfanga<br>Fallmyndun 1 | 1.-9. |
| **2. vika**<br>15. - 21. janúar | Fallmyndun 1 | 10.-19. |
| **3. vika**<br>22. - 28. janúar | Fallmyndun 1 | 20.-28.<br>Könnun |
| **4. vika**<br>29. janúar - 4. febrúar | Fallmyndun 1 | 31.-41. |
| **5. vika**<br>5. - 11. febrúar | Fallmyndun 1 | 43.-50.<br>Teikniskrift verkefni 1-5 lokaskil  Könnun |
| **6. vika**<br>12. - 18. febrúar | Fallmyndun 1 | 51.-56. |
| **7. vika**<br>19. - 25. Febrúar<br>*Þemadagar* | Fallmyndun 1 | 59.-63. |
| **8. vika**<br>26. febrúar - 3. Mars<br>*Námsmatsdagur* | Fallmyndun 1 | 65.-69. |
| **9. vika**<br>4. - 10. mars<br>*Miðannarmat* | Fallmyndun 1 | 71.-77. |
| **10. vika**<br>11. - 17. mars | Fallmyndun 1 | 78.-84.<br>Könnun |
| **11. vika**<br>18. - 24. mars<br>*Starfshlaup – Páskafrí hefst* | Ásmyndun og fríhendisteikning | 1.-6. |
| **12. vika**<br>2. - 7. apríl | Ásmyndun og fríhendisteikning | 8.-13. |
| **13. vika**<br>8. - 14. apríl | Ásmyndun og fríhendisteikning | 16.-22. |
| **14. vika**<br>15. - 21. apríl | Ásmyndun og fríhendisteikning | Könnun |
| **15. vika**<br>22. - 28. apríl<br>*Sumardagurinn fyrsti* | Ásmyndun og fríhendisteikning | 23 Lokaverkefni |
| **16. vika**<br>29. apríl - 5. maí | Fallmyndun I<br>Ásmyndun og fríhendisteikning | |
| **17. vika**<br>6. – 10. maí | Fallmyndun I<br>Ásmyndun og fríhendisteikning | Skil á verkefnamöppu |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Sólveig Sveinbjörnsdóttir*